

# ÍSLE1ÍA05

*Búið til: Fri, 26 Sep 2014 12:59:40 GMT*

## Titill

Íslenska 1 á starfsbraut

## Skammstöfun

ÍSLE1ÍA05

## Útgáfunúmer

22

## Námsgrein

íslenska

## Viðfangsefni

Íslenska 1 á starfsbraut

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

1

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Í áfanganum er unnið með ýmsa grunnþætti íslenskunnar, svo sem lestur, lesskilning, ritun og tjáningu. Í áfanganum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í skólanum en námið fer mikið fram í gegnum tölvur. Unnið er að því að nemendur verði færir í alls kyns textavinnslu á tölvutæku formi og kynnist þeim möguleikum sem tölva og netið bjóða upp á. Nemendur lesa ýmsa texta sem birtast í miðlum á netinu og vinna með þá ásamt því að fá þjálfun í ritun og tjáningu.

### Forkröfur

Engar

### Þekkingarviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim möguleikum sem tölva býður upp á til meðhöndlunar texta
- mismunandi miðlum á netinu
- ritun og framsetning texta í tölvutæku formi
- mikilvægi tjáningar

### Leikniviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðferð texta á tölvutæku formi
- að lesa mismunandi texta á netinu sér til gagns
- ritun mismunandi texta við sitt hæfi
- tjáningu

### Hæfniviðmið

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skila tölvuunnum verkefnum og senda rafrænt til kennara ...sem er metið með... skriflegum og munnlegum verkefnum
- lesa ýmsa texta á netinu s.s. fréttir og fræðigreinar ...sem er metið með... skriflegum og munnlegum verkefnum
- rita einfalda texta, sögur og ljóð ...sem er metið með... skriflegum verkefnum

- tjá eigin skoðanir ...sem er metið með... þátttöku í samræðum í tímum

**Námsmat**

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

**Skólar****Fyrirmynd**